

Samþykkt á þingskjalas-
fundri 1. sept. 189.

Ályktun frá Kvinnalistanum.

Kvinnalistakonur lýsa þungum áhyggjum yfir því ástandi, sem skapast hefur víða um land vegna núgildandi stefnu í sjávarútvegsmálum.

Hvert byggðarlagið af öðru, Keflavík, Þórshöfn, Patreksfjörður, Hofsóss, hefur mátt þola skipasölur með tilheyrandi kvótaflutningum á undanförunum mánuðum. Slíkir atburðir skekja undirstöður byggðarlaga, sem byggja tilveru sína nær eingöngu á sjávarútvegi.

Stjórnvöldum ber siðferðileg skylda til að liðsinna byggðarlögum í tímabundnum þrengingum. Aðalatriðið er þó, að menn átti sig á því, að atburðir sem þessir munu halda áfram að gerast svo lengi sem fiskveiðikvótinn er bundinn við skip.

Kvinnalistakonur gerðu sér fyrir löngu grein fyrir hrikalegum afleiðingum núgildandi fiskveiðistefnu. Í ljósi síðustu atburða er vert að minna á tillögur, sem Kvinnalisticinn kynnti opinberlega þegar haustið 1987. Samkvæmt þeim yrði fiskveiðikvótinn ekki lengur bundinn við skip, heldur yrði a.m.k. 80% af heildaraflanum skipt milli byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla fyrri ára.

Hefðu tillögur Kvinnalisticans náð fram að ganga þegar þær voru lagðar fram fyrir tveimur árum væri ástandið annað nú á þeim stöðum sem sætt hafa þungum búsiþjum vegna vondra laga. Kvinnalistakonur leggja áherslu á nauðsyn þess að breyta núgildandi stefnu við endurskoðun laganna á komandi þingi.